

Nd.

83. Frumvarp til laga

[65. mál]

um verðlagsuppbót á laun og um vísitölu framfærslukostnaðar.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967.)

1. gr.

Frá 1. desember 1967 skal verðlagsuppbót aukin sem því svarar, að laun og aðrar vísitölubundnar greiðslur að meðtalinni verðlagsuppbót hækki í hlutfalli við þá hækkun, sem varð á útgjöldum launþega til kaupa á vörum og þjónustu frá 1. ágúst til 1. nóvember 1967, samkvæmt niðurstöðum neytlurannsóknar þeirrar, er um getur í 2. gr. þessara laga. Kauplagnesnefnd framkvæmir þennan útreikning. Gildir þetta þar til annað hefur verið ákveðið með samningum stéttarféлага og samtaka vinnuveitenda.

2. gr.

Kauplagnesnefnd skal reikna vísitölu framfærslukostnaðar í Reykjavík samkvæmt niðurstöðum rannsóknar, sem gerð hefur verið á neytlu launþega í Reykjavík 1964 og 1965. Grunntala þessarar nýju vísitölu skal miðuð við verðlag í byrjun janúar 1968, og síðan skal reikna hana fjórum sinnum á ári, miðað við byrjun mánaðanna febrúar, maí, ágúst og nóvember, eftir grundvallarreglum, sem Kauplagnesnefnd setur. Við þennan útreikning skal sleppa broti úr vísitölustigi, hálfu eða minna, en annars hækka í heilt stig.

Nú óskar stjórn Alþýðusambands Íslands eða stjórn Vinnuveitendasambands Íslands eftir því, að vísitala framfærslukostnaðar verði reiknuð aukalega í öðrum mánuði en skylt er að reikna hana samkvæmt fyrri málsgr. þessarar greinar, og skal þá Kauplagnesnefnd verða við þeirri ósk, enda sé hún borin fram með minnst tveggja vikna fyrirvara.

3. gr.

Vísitala framfærslukostnaðar með grunntölu 100 hinn 1. marz 1959, samkvæmt 3. málsgr. 4. gr. laga nr. 1/1959, skal reiknuð í síðasta sinn eftir verðlagi í janúarbyrjun 1968.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt eru úr gildi felld eftirtalin ákvæði laga:

Lög nr. 63 14. des. 1964, um verðtryggingu launa, og 3. mgr. 4. gr. laga nr. 1 30. janúar 1959, um niðurfærslu verðlags og launa o. fl.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með þessu frumvarpi er lagt til, að verðlagsuppbót verði aukin frá 1. desember n. k. og að nýr grundvöllur vísitölu framfærslukostnaðar taki gildi í byrjun næsta árs. Enn fremur er lagt til, að framvegis verði ákvörðun um greiðslu verðlagsuppbóta í höndum stéttarféлага og samtaka vinnuveitenda með sama hætti og samningar um grunnlaun.

Í frumvarpi því um efnahagsaðgerðir, sem ríkisstjórnin lagði fram í október s. l. var gert ráð fyrir, að verðlagsuppbót á laun skyldi vera hin sama á tímabilinu 1. desember 1967 til 29. febrúar 1968 og hún hafði verið á tímabilinu 1. september til 30. nóvember 1967. Frá 1. marz skyldi verðlagsuppbót síðan greiddast samkvæmt kaupgreiðsluvísitölu, er byggðist á nýrri framfærsluvísitölu með grunntölu í janúarbyrjun 1968. Hefði þetta fyrirkomulag falið það í sér, að verðlagsuppbætur hefðu ekki verið greiddar vegna þeirra verðhækkana, er áttu sér stað á tímabilinu 1. ágúst til 31. desember 1967, en þær voru í athugasemdum við frumvarpið áætlaðar 4.4% samkvæmt nýjum vísitölu grundvelli. Var það skoðun ríkisstjórnarinnar, að þær efnahagsráðstafanir, sem frumvarpið gerði ráð fyrir, ásamt

öðrum samhliða ráðstöfunum, gætu ekki komið að notum, nema jafnframt væri komið í veg fyrir, að þær verðhækkningar, sem í þeim fólust, leiddu þegar í stað til kauphækkana.

Með lækkun gengis sterlingspundsins og ákvörðuninni um lækkun gengis íslensku krónunnar hafa ný viðhorf skapast í þessum málum. Ríkisstjórnin telur því eðlilegt að ganga til móts við það sjónarmið launþegasamtakanna, að aukin verðlagsuppbót skuli greiðast 1. desember vegna þeirra verðhækkana, er áttu sér stað á tímabilinu 1. ágúst til 1. nóvember. Jafnframt er eðlilegt, að sú verðlagsuppbót sé ekki miðuð við núgildandi framfærsluvísitölu heldur við hina nýju framfærsluvísitölu, sem mælir þessar breytingar réttar en gamla vísitalan. Hafa fulltrúar launþegasamtakanna áður fallið á þetta sjónarmið. Er því í þessu frumvarpi lagt til, að verðlagsuppbót á laun verði frá 1. desember aukin sem svarar hækkun þessarar vísitölu á tímabilinu 1. ágúst til 1. nóvember s. l. Er ætlað til þess, að þessi aukning gildi, þar til annað hefur verið ákveðið með samningum stéttarféлага og samtaka vinnuveitenda.

Þá er lagt til í þessu frumvarpi, að hin nýja vísitala framfærslukostnaðar, sem byggð er á niðurstöðum rannsóknar á neyzlu launþega í Reykjavík 1964 og 1965, taki gildi í byrjun næsta árs, eins og frumvarpið um efnahagsráðsáfanir gerði ráð fyrir. Þessi vísitala er mun réttari mælivarði á breytingar verðlags en núgildandi vísitala, og því þýðingarmikið, að hún taki gildi eins fljótt og unnt er, en af tæknilegum ástæðum er það ekki framkvæmanlegt fyrr en nú er gert ráð fyrir.

Um 1. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um aukningu verðlagsuppbóta 1. desember. Er ætlað til, að Kauplagnesnefnd framkvæmi útreikning aukningarinnar og miði hana við þá hækkun, sem varð á útgjöldum launþega til kaupa á vörum og þjónustu frá 1. ágúst til 1. nóvember 1967. Þessi hækkun skal mælast á grundvelli niðurstöðu þeirrar neyzlurannsóknar, sem framkvæmd var 1964 og 1965 og hin nýja vísitala á að byggjast á.

Um 2. gr.

Þessi grein segir fyrir um útreikning hinnar nýju framfærsluvísitölu. Nánari skýringar á hinum nýja grundvelli er að finna í því ítarlega yfirliti, sem um hann var gefið í I. kafla frumvarps til laga um efnahagsráðstafanir.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir, að núgildandi vísitala reiknist í síðasta sinn í janúarbyrjun 1968. Verður þannig hægt að tengja hana grunni hinnar nýju vísitölu.

Um 4. gr.

Þessi grein gerir ráð fyrir að núgildandi lög um verðtryggingu launa verði numin úr gildi og sömuleiðis þau lagaákvæði, sem í gildi eru um útreikning núgildandi vísitölu framfærslukostnaðar.